

Nr. 063 / 11 Sædis ÍS 67

Skipverji slasast á hendi

Skipaskr.nr. 2700
Smíðaður: Reykjavík 2006, plast
Stærð: 14,6 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 12,3 m Skráð lengd: 11,31 m
Breidd: 3,76 m Dýpt: 1,45 m
Vél: Volvo Penta 368 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 3



Sædis©Útgerð

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. maí 2011 var Sædis ÍS 67 á grásleppuveiðum vestur af Rit. A 4 m/sek., ölduhæð 1,3 m.

Bátsverjar voru að færa til 660 ltr. fiskikar þegar annar þeirra varð á milli þess og lunningar með hægri hendi. Hann fékk áverka á handarbak og hnúa sem bólgnaði talsvert. Var hann frá vinnu í þrjár vikur.

Við rannsókn kom fram:

- að með sameiginlegu átaki ýttu tveir skipverjarnir karinu og að sögn slasaða hafði hann verið búinn að reikna út að höndin, sem hélt í eitt eyra karsins, yrði ekki á milli en það brást;
- að slasaði sagðist hafa haldið í eyrað til að fá betra tak á karinu en eftir á að hyggja hafi hann átt að halda annarsstaðar því karið hafi ekki farið eins og hann hafði reiknað með.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til vanmats slasaða á aðstæðum.